



Borgarráð

### ***Sumardagurinn fyrsti í Reykjavík***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu skóla- og frístundasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs varðandi hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta.

Greinargerð

Undanfarin ár hafa verið hátíðarhöld af tilefni sumardagsins fyrsta í öllum borgarhlutum. Afar misjafnlega hefur gegnið að undanfögnu að standa fyrir þessum hátíðarhöldum og þátttakan oft dræm bæði í undirbúningi og þátttöku. Á fundi með framkvæmdarstjórum frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva kom fram sú tillaga að í stað hverfishátíða væri aðgangur ókeypis fyrir alla borgarbúa í sundlaugar borgarinnar og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og eitthvað væri gert að auki til hátíðarbragða við þessa staði í samvinnu t.d. við Skátasamband Reykjavíkur. Fjármunir skóla- og frístundasviðs til sumardagsins fyrsta fari til þessa verkefnis.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:


Bréf frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 7. mars 2019



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 7. mars 2019  
SFS2019030049

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð



**Efni: Sumardagurinn fyrsti í Reykjavík**

Undanfarin ár hafa verið hátíðarhöld af tilefni sumardagsins fyrsta í öllum borgarhlutum. Hugmyndin að baki slíkri tilhögun hefur verið að stuðla að samstarfi innan borgarhluta og styrkja þannig félagsauðinn. Að baki þessum hátíðum hafa gjarnan staðið foreldrafélög í skólum, skátar og frístundamiðstöðvar í samstarfi við þjónustumiðstöðvar. SFS hefur haft í sínum ramma fjárhæð til að veita styrki til þessara hátíðahalda. Afar misjafnlega hefur gengið að undanförunu að standa fyrir þessum hátíðahöldum og þátttaka oft dræm bæði í undirbúningi og þátttöku.

Á fundi með framkvæmdastjórum frístundamiðstöða og þjónustumiðstöðva kom fram sú tillaga að í stað hverfahátíða væri aðgangur ókeypis fyrir alla borgabúa í sundlaugar borgarinnar og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og eitthvað væri gert að auki til hátíðabrigða við þessa staði í samvinnu t.d. við Skátasamband Reykjavíkur. Fjármunir SFS til sumardagsins fyrsta fari til þessa verkefnis.

Lagt er til að þessi tillaga verði samþykkt og sviðsstjóra SFS og ÍTR verði falið að útfæra hana nánar í samstarfi við forstöðumenn sundlauga og FHG, Skátasamband Reykjavíkur og aðra aðila sem málið varðar.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Ómar Einarsson

sviðsstjóri íþróttá og tómsundasviðs